

Fundargerð – 544. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 14. febrúar 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Öundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Eiður Ævarsson, Svavar Grétarsson og Steinþór Þórðarson og Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir.

Gestir: Davor Lucic

Dagskrá:

1. Ílátakaup - staðan í undirbúningi dreifingar nýrra íláta fyrir 4 flokka söfnun við heimili.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra.
3. Sorphirða í byrjun árs.
4. Kynningarmál.
5. Þjóðarbrennslan - ný skref.
6. Önnur mál.

1. Ílátakaup - staðan í undirbúningi dreifingar nýrra íláta fyrir 4 flokka söfnun við heimili

Davor Lucic kom in á fund stjórnar og fór yfir ílátakaup og stöðuna í undirbúningi dreifingar nýrra íláta fyrir 4 flokka söfnun við heimili.

Davor fór yfir fjölda íláta og upplýsti stjórnina um að allar tunnur ættu að vera merktar eftir flokkun þeirra og fyrsta pöntun sé farin frá okkur og áætlað sé að sirka 12 vikna bið í tunnurnar. Davor upplýsti stjórnina einnig að áætlað væri að funda með björgunarsveitunum á föstudaginn þar sem rætt verður um dreifingu á þessum tunnnum. Stjórn lýsti ánægju með stöðu undirbúningsins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggis- eða umhverfisatvik, en engin öryggis- eða umhverfisatvik hafa verið skráð. Framkvæmdastjórinn fór yfir brennsluna í janúar og hefur brennslan verið fín. Nýr vatnskassi er kominn til landsins og kemur væntanlega hingað suðureftir í vikulok og ætti að taka um tvo sólarhringa að koma honum fyrir.

Framkvæmdastjórinn fór einnig yfir málefni Ásbrúar og upplýsti stjórn að af frumkvæði Kölku er í stofnun starfshópur til að vinna að lausnum í þessu máli.

Framkvæmdastjórinn fór yfir kolefnisföngun og mögulegt samstarf við áhugasama aðila sem áður hefur verið rætt á stjórnarfundum. Stjórn var sammála um að veita framkvæmdastjóranum og Önundi stjórnarmanni umboð til að klára þetta mál. Ef breyting verður á þessu verði þetta tekið aftur fyrir á stjórnarfundum.

3. Sorphirða í byrjun árs

Upplýsingaöflun frá Terra hefur ekki gengið vel. Óskað hefur verið eftir upplýsingum eftir hvern losunardag. Það gekk í 4-5 daga en ekkert eftir það. Ábyrgðarmaður virðist ekki alltaf vita hver staðan er.

Framkvæmdarstjórinn fór yfir bréfið sem sent var á forstjóra Terra og svör og viðbrögð þeirra við bréfinu.

Stjórnin var sammála um að þeir hafi ekki staðið sig nógu vel og var rætt um hvernig væri hægt að bregðast við. Á seinasta fundi óskaði stjórn eftir svörum en ekki var brugðist við þeirri ósk. Stjórn vill því að ítrekun verði send á Terra og óánægju lýst. Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að óska eftir fundi sem fyrst með þeim hjá Terra.

4. Kynningarmál

Framkvæmdastjórinn átti fund með Önnu Kareni, sjálfbærnifulltrúa Reykjanesbæjar, og samskiptastjóra Sorpu um kynningarmál. Á þeim fundi tók Anna Karen sæti í kynningarnefnd um breytingar á úrgangs lögum en þar mun hún gæta hagsmuna fyrir Reykjanesbæ og Kölkku. Efni sem kynnt var á fundinum stendur Kölkku til boða og hentar vel. Farið verði yfir þetta á næstu dögum og notað í kynningarefni á vef Kölkku og boðið verði sveitarfélögunum að nýta kynningarefnið hjá sér.

5. Þjóðarbrennslan - ný skref

Framkvæmdastjórinn fór yfir ný skref í undirbúningi nýrrar sorporkustöðvar á Íslandi og fund með ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem m.a. var fjallað um bakgrunn málsins, aðkomu sveitarfélaga og ríkis, mögulegt framhald og tillögur um næstu skref.

6. Önnur mál.

Önundur kom með tillögu að við setjum af stað strax undirbúning fyrir útboð á sorphirðu frá heimilunum. Stjórnin tók undir þessa tillögu um að hefja undirbúning.

Framkvæmdastjórinn fór yfir vinnu varðandi skipti á efnisstraumum til brennslu nú þegar styttest í að lífrænn úrgangur frá heimilum hverfi að mestu úr heimilssorpi til brennslu.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:36.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 14. mars 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Ingbór Guðmundsson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Steinþór Þórðarson